



Fundargerð

Fundur stjórnar Barmahlíðar, mánudaginn 13.01.20 kl. 13:00.

Fundarstaður: Símafundur.

Fundargerð 1 bls. rituð á tölvu.

Mætt voru: Embla Dögg Bachmann, Árný Huld Haraldsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri. Embla Dögg bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Fundur með heilbrigðisráðherra.

Helga Garðarsdóttir fór yfir fundinn sem var 18. desember síðastliðinn með heilbrigðisráðherra í Reykjavík. En á fundinn fóru Tryggvi Harðarson sveitarstjóri, Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Embla Dögg formaður. Á fundinum var farið yfir mál Barmahlíðar og nýtingu á hjúkrunarrýmum. Fundurinn gekk vel og var jákvæðni mikil. Fram komu svör við ýmsum spurningum og góða lausn á málum.

2. Ráðning hjúkrunarforstjóra.

Ein umsókn barst um starf hjúkrunarforstjóra Barmahlíðar frá Hendrikku Jónínu Alfreðsdóttur. Hjúkrunarforstjóra, formanni og sveitarstjóra falið að leita samninga við umsækjanda.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13:30
